



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA™

Vefur DKG á Íslandi

Efnisyfirlit:

Að skrá sig inn á vefinn.....	2
Aðgerðastikan.....	2
Unnið í síðum (búa til nýjar og uppfæra eldri)	2
Veftré og vinna við það	5
Að setja mynd inn á síðu	8
Myndir í félagatal	12
Að setja skjal (t.d. PDF) inn á síðu	15
Að búa til myndaalbúm	17
Að vinna með myndir inni í myndalbúmunum	21
Að raða myndaalbúmunum.....	22
Mynd augnabliksins.....	24
Fréttir.....	25
Dagatal.....	28
Póstlistar.....	30
Vandamál varðandi vinnu við myndaalbúm.....	32

Að skrá sig inn á vefinn

Til að komast inn á svæðið til að vinna í vefnum þarf að „logga“ sig inn. Það er gert með því að skrifa í addresslínuna á vefnum <http://dkg.is/moya>. Þá opnast þessi gluggi:

Í efri reitinn er skrifað notendanafn viðkomandi deildar en í það neðra er skrifað lykilorðið og síðan smellt á Skrá inn.

Aðgerðastikan

Þegar búið er að „logga“ sig inn opnast stjórnborðið eða svokölluð „aðgerðastika“ til að velja þá hluta sem vinna á með hverju sinni, sjá mynd:



Hún skiptist í fimm flokka, (Veftré, Fréttir, Síður, Myndasafn og Fleiri einingar). Undir hverjum flokki eru svo nokkrir valmöguleikar til að vinna með.

Unnið í síðum (búa til nýjar og uppfæra eldri)

Vinna við síður er einn af þeim þáttum sem mest er unnið með. Ef ætlunin er að uppfæra eldri síður nægir að finna viðkomandi síðu í vefnum og þá birtist á stikunni efst á síðunni (undir titlinum) eftirfarandi aðgerðalína:


Þarna er stutt á hnappinn **Breyta síðu** ef ætlunin er að breyta einhverju en ef ætlunin er að eyða síðunni er stutt á hnappinn **Eyða síðu**.

Þegar búið er að breyta því sem breyta á, þarf að muna eftir að vista breytingarnar og það er gert með því að smella á hnappinn **Vista** neðst á síðunni.

*Athugið að maður notar ekki hnappinn „**Vista og setja í veftré**“ nema verið sé að búa til alveg nýja síðu **sem á að birtast** í veftrénu. Það er einstaka síða (t.d. efsti hlutinn á forsíðunni) sem er ekki í veftrénu (**og á ekki að vera þar**) en forritið býður manni samt upp á að snúast hugur og setja hana þar.*




Ef ætlunin er að búa til alveg nýja síðu í vefnum er farið á aðgerðastikuna efst á vefnum og þar valin aðgerðin **Síður - Bæta við síðu** (sjá mynd):



Á valblaðinu sem þá birtist er byrjað á því að gefa síðunni **Títill** (t.d. Afmæli Betadeildar). Í stóra gluggann er sett inn það efni sem á að fara á síðuna. Fyrir ofan stóra gluggann má sjá fjöldann allan af flýtihnöppum sem ætlaðir eru til að vinna frekar með textann á síðunni (feitlettra, skálettra, stækka letur, búa til „linka“, o.s.frv. (sjá mynd):

Bæta við síðu



Ef smeltt er á flipann **Stillingar**, þá opnast þessi gluggi:

Síða Stillingar Stíll

Efnisflokkar

☐ Fréttir
☐ Landssamband
☐ Alfa
☒ Beta
☐ Gamma
☐ Delta
☐ Epsilon
☐ Zeta
☐ Eta
☐ Theta
☐ Iota
☐ Kappa
☐ Lambda
☐ Mu
☐ Nu
☐ Xi

Svæði

Beta - [/betadeild]

☐ Fela hægri hliðardálk
☒ Síða er sýnileg

Kenninafn

afmaeli betadeildar

Leitarorð

Gagnlegt orð fyrir leitarvél.

Þarna er hakað við Beta undir liðnum Efnisflokkar og síðunni gefið svokallað kenninafn sem í þessu tilfelli er **afmaeli betadeildar**. Tékkað er á því hvort Betadeild er ekki örugglega valin undir liðnum **Svæði** (hægra megin á valblaðinu) og hvort ekki er örugglega hakað við að síðan sé sýnileg. Að því búnu er smellt á **Vista** neðst á síðunni (ath. að ekkert þarf að gera undir flípanum Stíll). Þegar smellt er á Vista birtist nýja síðan undir síðufirliti Betadeildar (sjá mynd):

Bæta við síðu


29 Færslur | 50 á síðu

Endursetja Leita

Nafn	Höfundur	Uppfært	
		Frá	
		Til	
Afmaeli Betadeildar	Eygló Björnsdóttir	20.10.2017 22:56	
Listakonan í fjörunni - verkefni Betadeildar	Eygló Björnsdóttir	20.10.2017 22:28	
Fundargerðir Betadeildar	Eygló Björnsdóttir	16.10.2017 10:25	
Félagatal Betadeildar	Eygló Björnsdóttir	08.10.2017 23:03	
Vetrarstarf Betadeildar 2017-2018	Eygló Björnsdóttir	13.09.2017 10:30	
Bókafundur	Eygló Björnsdóttir	23.05.2017 21:17	
Kaffi og veitingar	Eygló Björnsdóttir	23.05.2017 19:58	
Orð til umhugsunar	Eygló Björnsdóttir	14.05.2017 22:42	
Formenn Betadeildar	Eygló Björnsdóttir	14.05.2017 22:41	

Alltaf má kalla fram þetta síðufirlit með því að fara á aðgerðastikuna efst á vefnum og velja Síður (sjá næstu mynd). Á þessu valblaði má líka velja hnappinn **Bæta við síðu** og birtist þá valblaðið sem lýst er hér að ofan.

Þar sem algengt er að verið sé að setja texta úr Wordskjölum eða öðrum sambærilegum forritum er gott að hafa í huga að best er að „hreinsa“ textann áður en hann er settur á vefinn svo allskonar skipanir og forritun sem fylgir Wordskjalinu fari ekki með inn á vefsíðuna og rugli þar með útliti vefsíðunnar. Til að hreins textann er hægt að nota fleiri en eina leið. Einfaldast er sjálfsagt að nota hnapp í vinnuglugganum sem til þess er ætlaður, sjá næstu mynd:



Þá er textinn sem búið er að líma inn í gluggann valinn (svertur) og stutt á hnappinn og þá hreinsast þær skipanir út sem ekki eiga að fylgja með.

Önnur leið er að líma textann fyrst inn í forritið **Notepad** (fylgir öllum PC tölvum og sambærilegt forrit fylgir Makka) og afrita hann svo þaðan og líma inn á vefinn. Þá er engin hætt á að t.d. sú leturgerð sem valin var í Wordskjalinu sem afritað var úr (sem getur verið mismunandi) fylgi með inn á vefinn. Ef þetta er gert kemur það einnig í veg fyrir að ýmsar aðrar skipanir sem fylgja Word-skjölum fylgi með þegar textinn er límdur inn á vefsíðuna.

Annað sem gott er að hafa í huga er það að þó svo að vefforritið gefi manni færa á að búa til töflur á síðunum og setja texta og annað slíkt inn í þær, þá er **töflunotkun nokkuð sem frekar ætti að forðast** á síðunum. Ástæðan er sú að snjalltæki (snjallsímar og spjöld) sem margir nota í dag til að skoða vefsíður, lesa ekki vel úr töflum og því fer slík uppsetning í rugl á þeim tækjum. Mér sýnist að töflur sem eru í mesta lagi 2-3 dálkar sleppi, en ekki umfram það.

Veftré og vinna við það

Til þess að gera nýju síðuna sýnilega í veftrénu á vefnum þarf núna að fara á aðgerðastikuna efst upp á vefnum og velja **Veftré**. Þá birtist þetta vinnusvæði:

Veftré		
Bæta við tengli Íkoma tenglum Endurvisunir		
Nafn	Tenging	
Beta	Forsíða	
Forsíða	Forsíða	 
Stefna-markmið-sýn	markmidogstefna_beta	 
Félagskonur	felagatal_beta	 
Stjórn	stjorn_beta	 
Formenn	formenn_beta	 

Þarna ofarlega á valmyndinni (fyrir neðan titilinn) er smellt á hnappinn **Bæta við tengli**. Þá birtist þessi valmynd:

Landssamband Alfa Beta Gamma Delta Epsilon Zeta Eta Theta Iota Kappa Lambda Mu Ny

Bæta við tengli

Almennt
Stillingar
SEO upplýsingar

Nafn *


Tegund *
-- Veldu tegund tengils --

Yfirlóð
Beta

☒ Sýnileg

Hætta við Vista

Í efstu línuna (Nafn) er skrifað heiti tengilsins sem oft er sama nafn og titillinn á síðunni, en þarf þó ekki nauðsynlega að vera það - hér heitir tengillinn t.d. 40 ára afmæli en síðan sjálf heitir afmæli Betadeildar. Undir **Tegund** er valið **Síða** og passað upp á að í Yfirlóð sé örugglega valið nafn deildarinnar (Beta). Um leið og valið er að tegund tengils eigi að vera Síða opnast ný vallína þar sem hægt er að finna nýju síðuna í vefnum og velja hana (sjá næstu mynd):



Að þessu loknu ætti valmyndin að líta út eins og næsta mynd sýnir. Áður en smellt er á **Vista** er rétt að smella á flipann Stillingar en undir honum er hægt að skilgreina ef viðkomandi síða á að vera læst en eins og allir vita eru sumar síður í vefnum okkar læstar með lykilorði og er það sem sé valið þarna (í reitnum Lykilorð) . Allar deildir og landsambandið nota sama lykilorð og ef einhver hefur gleymt því hvert það er fæst það uppgengið hjá Eygló vefstjóra DKG. Hægt er í efsta glugganum í þessari valmynd að velja hvort síðan opnast í **Sama glugga** (sem er algengast) eða í **Nýjum glugga**. Oftast eru það bara skjöl eins og t.d. PDF skjöl sem sett eru á vefinn sem látin eru opnast í nýjum glugga.

Bæta við tengli

Almennt
Stillingar
SEO upplýsingar

Nafn *
40 ára afmæli

Tegund *
Síða

Síður
Afmæli Betadeildar - [afmaeli-betadeildar]

Yfirlóð
Beta

☒ Sýnileg

Hætta við Vista

Um leið og smellt er á **Vista** hnappinn birtist nýja síðan neðst í veftré deildarinnar (allar nýjar síður fara neðst í veftréð), sjá mynd:

Merkar konur	efst_i_huga_beta	
Stiklur úr starfinu	Næsti undirtengill	
Listakonan í fjörunni	verkefni_beta	
Afrikuverkefnið	afrikuverkefnid_1	
30 ára afmæli	afmaeli_beta	
35 ára afmæli	35_ara_afmaeli_betadeildar	
Myndir	myndir-beta	
Fréttir	Fréttakerfi	
Viðburðir	Dagatal	
40 ára afmæli	afmaeli-betadeildar	

Ef ætlunin er að hafa nýju síðuna einhvers staðar annars staðar í veftrénu þá er lítið mál að færa til og breyta uppröðun. Til að gera það er nú valinn hnappurinn **Raða tenglum** (sjá mynd):

Veftré

 Bæta við tengli	 Raða tenglum	 Endurvísanir
Nafn	Tenging	

Þá opnast valblað þar sem hver tengill í vefnum á sína sérstöku línu sem hægt er að færa til upp og niður eftir þörfum. Í þessu tilfalli er ætlunin að láta síðuna 40 ára afmæli koma beint fyrir neðan síðuna (línuna) 35 ára afmæli og því er smellt með músinni á neðstu línuna (40 ára afmæli) og línan dregin upp með því að halda músinni niðri og ekki sleppt fyrr en línun er komin á þann stað sem hún á að fara.

Listakonan í fjörunni	/betadeild/stiklur-ur-starfinu/listakonan-i-fjorunni
Afrikuverkefnið	/betadeild/stiklur-ur-starfinu/afrikuverkefnid
30 ára afmæli	/betadeild/stiklur-ur-starfinu/30-ara-afmaeli
35 ára afmæli	/betadeild/stiklur-ur-starfinu/35-ara-afmaeli
40 ára afmæli	/betadeild/afmaeli-betadeildar
Myndir	/betadeild/myndir
Fréttir	/betadeild/frettir

að lokum er smellt á **Vista** hnappinn og þá lítur veftréð svona út:


Merkar konur	efst_i_huga_beta	
Stiklur úr starfinu	Næsti undirtengill	
Listakonan í fjörunni	verkefni_beta	
Afrikuverkefnið	afrikuverkefnid_1	
30 ára afmæli	afmaeli_beta	
35 ára afmæli	35_ara_afmaeli_betadeildar	
40 ára afmæli	afmaeli-betadeildar	
Myndir	myndir-beta	
Fréttir	Fréttakerfi	
Viðburðir	Dagatal	

Athugið að allar síður sem eru undirsíður undir einhverri annarri eru sýndar á valblaðinu aðeins meira til hægri heldur en yfirflokkarnir. Síðan með 40 ára afmælinu ásamt hinum afmælissíðunum ,


síðunum um Afríkuverkefnið og Listakonuna í fjörunni eru t.d. allt saman undirsíður undir yfirsíðunni (flokknum) **Stiklur úr starfinu** og þess vegna eru þær allar aðeins lengra til hægri eins og sést á myndinn hér að ofan.

Að setja mynd inn á síðu


Ef ætlunin er að setja mynd inn á síðu þarf að smella á táknið fyrir **Mynd** á vinnuborðinu:




Þá opnast þessi gluggi:




Í línunni þar sem stendur Slóð á mynd er smeltt á **gulu möppuna** við enda línunnar. Þá opnast skráakerfi vefsins sem samanstendur af **myndamöppum** fyrir hverja deild og landsambandið og **skjalamöppum** fyrir hverja deild og landsambandið (sjá næstu mynd):




Þarna þarf að passa að velja rétta möppu deildarinnar en þegar hún hefur verið valin lítur valmyndin svona út:




Í stóra glugganum sjást allar myndir sem Betadeild hefur sett inn á vefinn sinn en á gráu röndinni fyrir ofan sjást nokkrir aðgerðahnappar. Ef ætlunin er að nota einhverjar af þeim myndum sem þegar eru til og hefur verið hlaðið inn á vefinn er leitað að myndinni í stóra glugganum og hún valin með því að smella á hana. Ef ætlunin er að setja nýja mynd inn á vefinn þarf fyrst að smella á hnappinn fyrir að hlaða upp skjölum/myndum (sjá rauðu örina hér á myndinni fyrir neðan) en þá opnast lítið valblað þar sem hægt er að velja **Choose file** og finna myndina sem á að nota á eigin tölvu og hlaða henni inn í skráakerfið:



Þegar myndin er komin inn í skráakerfið fær hún á sig gráan ramma (sjá næstu mynd):




Ef hægri smellt er á myndina (eða flýti hnapparnir þarna fyrir ofan notaðir) meðan hún er valin (grá) er hægt að vinna aðeins með myndina áður en hún er sett á síðuna, sjá næstu mynd:




Hægt er t.d. að minnka myndina ef þörf er á því, með því að velja **Endurvinnna myndastærð** (gott er þá að hafa fyrst valið að: **Búa til afrit** af myndinni, svo upphaflega myndin skemmist ekki. Þá má gefa afritinu nafn með því að velja **Endurnefna**. Þegar búið er að vinna myndina þarna eins og ætlunin er,

þarf að segja kerfinu að maður ætli einmitt að nota þessa mynd með því að smella á gráu örina á hnappastikunni (eða hægrismella og velja möguleikann **Veldu skrá**)




og þá opnast þessi valgluggi aftur:



Nú má gefa myndinni **titil** og semja um hana smá lýsingu ef vill. Þó titillinn sjáist einungis ef farið er með bendilinn yfir myndina er hann frumskilyrði fyrir því að svokallaðir skjálesarar sem blindir og sjónðaprir nota til að lesa vefsíður geti vitað að þarna sé mynd og af hverju hún er. Þannig að endilega muna eftir að taka tillit til þessa notendahóps við að setja inn á vefinn.


Ef smellt er á flipann **Útlit** má velja ýmislegt útlitstengt varðandi myndina, t.d. hvar myndin birtist miðað við textann. Það er gert með því að smella á **Klasi** og velja þar annaðhvort Align-right eða Align-left. Ef ætlunin er að hafa ramma í kringum myndina má setja tölugildi í reitinn **Rammi** (talan 1 er minnsti rammi sem hægt er að búa til en ramminn verður þykkari eftir því sem hærri tala er valin). Þegar búið er að fylla í þá reiti sem nota á er smellt á **Setja inn** hnappinn.

Á næstu mynd sést hvernig myndin birtist á síðunni. Þar hafði ég valið að myndin ætti að vera „Align-right (þess vegna er hún hægra megin á síðunni) og titill myndarinnar (Kirkjan á Akureyri) birtist ef ég renni með músinni yfir myndina.



Ef myndin hefur verið minnkuð áður en hún var sett inn á síðuna (með því að búa til afrit eins og lýst var hér að ofan) er hægt að vísa í stærri myndina (þegar notandinn smellir) með því að hlekkja („linka“) í hana og í hlekknum valin vísun í stóru myndina. Til að stóra myndin birtist í svokölluðum „sprettiglugga“ er valið “fancybox” undir “Klasi” á hlekknum.

Með því að hægri smella með músinni á myndina má svo alltaf á auðveldan hátt fá upp valblað til að breyta myndinni frekar ef þörf er á (sjá næstu mynd)



að lokum þarf svo að smella á **Vista** hnappinn.

Til athugunar:


Myndir úr stafrænum myndavélum eru yfirleitt alltaf mjög stórar svo margir vilja minnka þær aðeins áður en þær eru settar á vefinn. Þar sem það er bæði seinlegt og tímafrekt að taka hverja og eina mynd inn í myndvinnsluforrit og minnka hana þar, er gott að geta minnkað margar myndir í einu.

Á vefslóðinni <http://www.fookes.com/> er hægt að nálgast forrit sem heitir EasyThumbnail og leyfir manni það. Þetta forrit er frítt til afnota og hér er hægt að nálgast [leiðbeiningar](#) um notkun þess.


Einnig er hægt að nálgast vinnsluvæði á netinu þar sem hægt er að vinna með myndir beint án þess að hlaða niður sérstöku forriti. Má þar nefna vefinn [Pic-resize](#), en þar er hægt að minnka myndir og vista svo til sín aftur. Einnig má nefna vefinn [pixenate.com](#) en þar má bæði minnka myndir og vinna ýmisleg fleira með þær.

Myndir í félagatal


Byrjað er á að búa til venjulega síðu (eða fara með bendilinn efst á síðuna sem inniheldur félagatalið). Þar er valið að búa til töflu efst á síðunni (flýtihnappurinn fyrir töflu er fyrsti hnappur í neðstu röð á næstu mynd)



Velja að hafa dálkana 2 og raðirnar jafnmargar og félagarnir eru í deildinni. Þegar taflan birtist á síðunni er hægrismellt einhvers staðar inn í töfluna og valin línan: Eiginleikar töflu (röð nr. tvö).



Þá birtist þetta valblað:



Þarna sést að dálkarnir (cols) eru tveir, raðirnar 32, rammi er stilltur á 0 (þá sést ekki ramminn í kringum reitina í töflunni), í reitinn „breidd“ er skrifað 500px (pixlar) og klasinn er stilltur á align-left.

Þegar búið er að gera þessar stillingar er smellt á uppfæra.

Þá er komið að því að setja inn nöfn félagskvenna í vinstri dálkinn (muna að nota Ctrl+Enter til að skipta um línu, annars verðu línubilið svo breitt).


Þegar öll nöfnin eru komin inn má byrja að setja inn myndir í hægri dálkinn, ein mynd í hvern reit. Áður en myndir eru settar inn þarf þó að vera búið að skilgreina stærðina á myndunum. Hæfileg stærð er 160-200 pixlar (pxl) á breiddina. Hæðin á myndinni breytist í hlutfalli við þá breidd sem valin er ef forritið er stillt á að hlutföll haldi sér.

Vinna má með að breyta stærð á myndunum í venjulegum myndvinnsluforritum en einnig má benda á vefinn [Pic-resize](#), en þar er hægt að minnka myndir og vista svo til sín aftur. Einnig má nefna vefinn [pixenate.com](#) en þar má bæði minnka myndir og vinna ýmisleg fleira með þær.


Þegar búið er að skilgreina rétta breidd á öllum myndunum er myndin sett inn í reitinn með því að velja „setja inn mynd“ flýtihnappinn (í efstu röð, númer 5 frá vinstri)




Þegar smeltt er á hann opnast þetta valblað:



Smeltt er á gulu möppuna við enda línunnar „Slóð á mynd“. Þá opnast skráakerfið og hægt að velja myndamöppu viðkomandi deildar. Þar gæti verið gott að búa sér til nýja möppu undir myndirnar í felagatalið (muna bara að nota ekki íslenska stafi í möppunafninu og heldur ekki í nafninu á myndunum sem settar eru inn). Þegar mappan sem nota á er valin, er smeltt á hnappinn sem sýnir disklinginn á stikunni á myndinni hér fyrir neðan (númer 6 frá vinstri).




Þá opnast þetta valblað:




og þarna er smellt á Choose Files hnappinn, myndin sem nota á fundin í tölvunni og henni hlaðið upp í myndamöppuna (sjá nánar um innsetningu mynda hér ofar í leiðbeiningunum)


Þegar búið er að velja myndina sem nota á lítur valblaðið svona út (línan „slóð á mynd“ sýnir upplýsingar um myndina):



Þarna er smellt á flippann „Útlit“ og á þeirri síðu er farið í efstu línuna sem heitir „Jöfnun“, smellt á örina og þarna er valið **Text top**.



Þá ætti valblaðið að líta út eins og sést á næstu mynd (í neðstu línunni stendur núna: vertical-align: text-top; og núna má smella á hnappinn „Setja inn“.




Þá ætti myndin að vera komin á sinn stað, jöfnuð við efri brún dálksins (eins og textinn í dálkinum fyrir framan) .

Athugið að ef gleymist að skilgreina útlitið á myndinni má alltaf hægrismella á mynd sem komin er inn og velja þar „Setja inn/breyta mynd“ (í efstu línunni) og fá þá aftur upp valblaðið þar sem velja má „Útlit“ flippann og stilla þar það sem stilla þarf.


Að setja skjal (t.d. PDF) inn á síðu

Þegar textaskjöl (t.d. PDF) eru sett á vefinn er ferlið ákaflega líkt og þegar myndir eru settar á vefinn.


Byrjað er á að velja (sverta) þann texta sem á að vera tengill í PDF skjalið (sjá næstu mynd þar sem ætlunin er að búa til tengil í minnislista deildarinnar), því næst er smellt á „krækjuhnappinn“ (sjá rauðu örina):




Við það opnast valblað líkt og þegar sett er inn mynd á síðu, smellt er á gulu möppuna við enda línunnar **Slóð hlekk** og núna er passað upp á að velja möppu sem geymir skjöl viðkomandi deildar (í þessu tilfalli Skjöl Betadeildar):



Þar er smellt á hnappinn til að setja inn skjöl (sjá rauðu örina á myndinni hér fyrir neðan) ef ætlunin er að hlaða inn nýju skjali, annars er skjalið sem nota á fundið í stóra glugganum sem sýnir öll skjölin sem hlaðið hefur verið upp í kerfið og það valið með því að smella á það (sama ferli og þegar leitað var að mynd áður).



Þegar búið er að velja skjalið (með því að smella á það) er smellt á gráu örina (sama ferli og gert var þegar mynd var sett á síðuna) og þá opnast þessi valmynd:



Undir **Áfangastaður** er smellt á örina og þá er hægt að velja hvort skjalið opnast í nýjum glugga eða ekki og undir **Titill** má skíra skjalið en sá titill sést þegar farið er með músina yfir krækjuna á síðunni.


Stundum kemur fyrir að PDF skjöl verða mjög stór og þung (t.d. ef það eru margar myndir í skjalinu). Á slóðinni: <https://smallpdf.com/compress-pdf> er hægt að hlaða upp PDF skjölum og vista þau til sín aftur mun smærri (léttari) en þau voru, án þess að gæðin tapi sér svo nokkru nemi.

Að búa til myndaalbúm

Þegar búa á til nýtt myndaalbúm er byrjað á því að fara efst á gráu aðgerðastikuna og velja þar **Myndasafn**.




Þá opnast þessi valmynd og þar er smelt á **Nýtt albúm**:



Athugið að valmyndin **Stjórnborð Myndasafns** er þó meira notuð ef verið er að vinna með allar myndir í kerfinu en ekki bara í myndasafni viðkomandi deildar.

Þess vegna er sennilega heppilegra þegar verið er að vinna með myndasöfn í ákveðinni deild, að smella á **Myndasafn** og draga sig þar niður á **Nýtt albúm** (sjá næstu mynd):



Hvort heldur sem valið er, opnast valblað til að vinna með (sjá næstu mynd). Fyrst þarf að gefa albúminu nafn. Hafa þarf í huga að **nafn viðkomandi deildar birtist í nafngiftinni**. Ástæðan er sú að öll myndaalbúm sem búin eru til fara á einn stað í kerfinu og ef eitthvað fer úrskeiðis er auðveldara að finna albúmin og tengja þau á rétta deild ef deildarnafnið kemur fyrir í nafngiftinni.

Landssamband	Alfa	Beta	Gamma	Delta	Epsilon	Zeta	Eta	Beta	Iota	Kappa	Lambda
--------------	------	------	-------	-------	---------	------	-----	------	------	-------	--------

Valmynd
Forsíða
Stefna–markmið–sýn
Félagskonur
Vetrarstarfið
Stiklur úr starfinu
Myndir
Fréttir

Viðburðir á næstunni
1. nóvember kl. 19:30-22:00
Fundur í Betadeild
Fundurinn verður haldinn í

Myndasafn - Nýtt albúm

Nafn *

Októberfundur Betadeildar 2017

Slóðarheiti

Fjöldi mynda per síðu

30

Fjöldi mynda sem birtast áður en það þarf að fletta. 0 = engin fletting.

Lýsing

Næst þarf að velja rétta deild undir liðnum Safn (sjá næstu mynd). Þetta er áriðandi að gera svo albúmið fari örugglega undir þá deild sem það á að tilheyra.

Leitarorð

Safn
Myndir Beta

☐ Myndir opnast í nýjum vafra glugga
☒ Virkt

Hætta við Vista

Að lokum er smelt á Vista.


Þegar smelt er á **Myndir** í veftré deildarinnar ætti nýja albúmið að birtast á myndasíðu deildarinnar (sjá næstu mynd). Þar sem það er enn þá tomt þá birtist það með myndavél sem táknmynd á kassanum (sjá næstu mynd):



Ef smellt er á myndavélina kemur upp valblað til að hlaða myndum inn í albúmið. Smella þarf á linkinn: „Smelltu hér til að hlaða upp myndum“ (sjá næstu mynd):




Þegar smellt hefur verið á linkinn kemur upp valblað með svörtum hnapp sem á stendur: **Velja myndir** (sjá næstu mynd).




Ef sá hnappur birtist ekki er líklegt að vefskoðarinn (vafrinn) sem þú ert að nota hafi „blokkerað“ Flash-spilarann (sem er nokkuð sem þeir Stefnumenn ráða ekki yfir). Þetta gerir það að verkum að hnappurinn (sem keyrir á Flash forritinu) er ekki sýnilegur lengur. Til að virkja Flash upp á nýtt í vafranum sem maður notar hafa þeir hjá Stefnu tekið saman leiðbeiningar á eftirfarandi slóð og þarf þá að kynna sér það og gera viðeigandi ráðstafanir:

<https://www.stefna.is/is/adstod/leidbeiningar/virkja-flash-i-vafra>

Þegar smellt hefur verið á hnappinn **Velja myndir**, opnast valblað til að fara inn á eigin tölvu og velja þar allar þær myndir sem fara eiga í albúmið. Hægt er að velja allar myndirnar í einu (ctrl-A) og smella svo á **Open** á valblaðinu og þá hleður tölvan þeim inn í albúmið (sjá næstu mynd):



Á næstu mynd sést hvernig tölvan vinnur með að hlaða inn í albúmið. Myndaheitin sjást sem línur efst í glugganum en neðst á valblaðinu birtast myndirnar hver af annarri um leið og þær eru komnar inn í kerfið:



Þegar allar myndirnar eru komnar inn í albúmið ætti valblaðið að líta svona út (sjá næstu mynd) og þá þarf að muna eftir að **Vista að lokum**.

vetrarstarfo

Stiklur úr starfinu

Myndir

Fréttir

Viðburðir á næstunni

1. nóvember kl. 19:30-22:00

Fundur í Betadeild

Fundurinn verður haldinn í húsnæði Síney

Sjá viðburðadagatal

Leit

Leita...

Leita

Mynd augnabliksins

Velja myndir

Hætta við

Vista

Að vinna með myndir inni í myndalbúnum

Þegar myndalbúnum hefur verið búið til og búið er að hlaða inn í það myndum má smella á myndaalbúmið og vinna meira með myndirnar sem inn í það eru komnar (sjá næstu mynd):

Valmynd

Forsíða

Stefna-markmið-sýn

Félagskonur

Vetrarstarfið

Stiklur úr starfinu

Myndir

Fréttir

Októberfundur Betadeildar 2017

Breyta albúmi

Hlaða inn nýjum myndum

Breyta myndum

Raða myndum

Velja aðalmynd

Eyða albúmi

Þarna má t.d. breyta albúmi (endurskíra o.s.frv), hlaða inn fleiri myndum, breyta myndum, raða myndum, velja aðalmynd (þá mynd sem birtist sem táknmynd fyrir albúmið) eða eyða albúminu alveg.

Sú aðgerð sem oftast er notuð er sennilega aðgerðin að **Breyta myndum**, en þar er hægt að útbúa myndatexta við þær myndir sem eru í albúminu (sjá næstu mynd):

Landssamband

Alfa

Beta

Gamma

Delta

Epsilon

Zeta

Eta

Peta

Iota

Kappa

Lambda

My

Ny

Myndasafn - Breyta myndum

Stillingar myndar

Nafn

Lýsing

Leitarorð

☒ Virkt

☒ Mynd augnabliksins

☐ Eyða mynd

Nafn

Smámynd

Slóðarheiti: img_0158

Dags.: 22.10.2017

Sá myndatexti sem nota á er skrifaður í dálkinn sem heitir Lýsing:

21

Lýsing


Fundarsetning á októberfund 10. október 2017

Leitarorð

☒ Virkt ☒ Mynd augnabliksins ☐ Eyða mynd

Stóðarheiti: img_0159
Dags.: 22.10.2017

og þegar myndalbúminu er flett birtast myndirnar svona með textanum sem settur var í lýsingu, sjá næstu mynd:



Einnig er þægilegt að geta smellt á aðgerðina **Raða myndum** en þar er hægt að stjórna því hvernig myndirnar raðast inni í albúminu, sjá næstu mynd:

ssamband Alfa Beta Gamma Delta Epsilon Zeta Eta Theta Iota

Mynd

Myndasafn - Raða myndum

☐ Raða eftir tímaröð

☐ Raða eftir nafni

☒ Raða eftir skráarheiti

☐ Sérstíða uppröðun

Vista uppröðun Til baka

Ef t.d. er smellt á möguleikann Sérstíða uppröðun er hægt draga til myndirnar í albúminu fram og aftur og stjórna því alveg hvaða röð er á myndunum.

Að raða myndaalbúmunum

Ef einhverri hluta vegna þarf að breyta röðinni sem myndaalbúmin birtast í á vefnum er hægt að fara á gráu aðgerðaröndina og velja **Myndasafn** og fá upp þessa valmynd:

Landssamband
Alfa
Beta
Gamma
Delta
Epsilon
Zeta
Eta
Beta
Iota
Kappa
Lambda
My
Ny

Stjórnborð myndasafns

Yfirlit mynda
Hér er hægt að skoða þær myndir sem búið er að hlaða upp í kerfið.

Hlaða inn nýjum myndum
Hér er hægt að hlaða upp nýjum myndum inn í albúm.

Yfirlit albúma
Hér er hægt að skoða þau albúm sem búið er að búa til.

Nýtt albúm
Hér er hægt að búa til nýtt albúm.

Yfirlit safna
Hér er hægt að skoða söfn sem eru í gangi.

Nýtt safn
Hér er hægt að búa til nýtt safn og raða í það albúmunum.

Þarna er smeltt á hnappinn **Yfirlit safna** og opnast þá þessi valmynd:

Myndasafn - Yfirlit safna

Nýtt safn

16 Færslur
50
á síðu

Endursetja
Leita

Nafn	Lýsing	Búið til af	Virkt
		--	Já
Myndir			Já
Myndir My			Já
Photos			Já
Myndir Lambda			Já
Myndir Kappa			Já

Þarna þarf að finna flokkinn sem inniheldur myndir deildarinnar (t.d. Myndir Beta) og smella á hann og opnast þá þessi valmynd:

Forsíða
Stefna-markmið-sýn
Félagskonur
Vetrarstarfið
Stíklur úr starfinu
Myndir
Fréttir

Viðburðir á næstunni
1. nóvember kl. 19:30-22:00
Fundur í Betadeild
Fundurinn verður haldinn í húsnæði Símeys
Sjá viðburðadagatal

Leit
Leita...

Myndasafn - Breyta safni

Albúm í boði	Albúm tengd safni
Gammadeild í heimsókn hjá Stellu í Heydölum 2008 29.12.2008	Októberfundur Betadeildar 2017 21.10.2017
1. mars - Fundur Alfadeildar í Ofanleiti 2 07.05.2012	40 ára Afmælisfundur Betadeildar 9. sept. 2017 10.09.2017
10 ára afmælisfundur Betadeildar 2008 02.01.2009	Lokafundur Betadeildar 2017 30.05.2017
Frá stofnfundi Zetadeildar í Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað 1. júní 1990 30.01.2008	Aprílfundur Betadeildar 2017 12.05.2017
2. fundur Lambdadeildar 15. október 2014 02.11.2014	Jólafundur Beta- Og Mýdeildar 2016 15.04.2017
Eldri myndir úr starfi Zetadeildar 30.01.2008	Alþjóðadagur kennara 5. október 05.10.2016
Myndir frá vetrarstarfi Zetadeildar 2006–2007 30.01.2008	Hautfundur Betadeildar 2016 16.09.2016
25 ára afmælisfundur Deltadeildar 12. janúar 2013 07.03.2013	Jólafundur Beta- og Mýdeildar 2015 05.12.2015

Raða eftir nafni | Raða eftir tímaröð


Í hægri dálkinum (**Albúm tengd safni**) birtast þau albúm sem búið hafa verið til undir þessari deild (takið eftir að nú er albúmið Októberfundur Betadeildar 2017 komið á sinn stað þarna efst í tímaröðinni) og með því að halda músinni niðri á viðkomandi línu er hægt að færa línurnar upp og

niður eftir þörfum og breyta þeirri röð sem myndalbúmin birtast í (undir dálkinum eru líka möguleikarnir að raða albúnum eftir nafni eða í tímaröð).


Í vinstri dálkinum (**Albúm í boði**) sjást **öll** myndaalbúm sem í boði eru í kerfinu og ef t.d. hefur gleymst að velja hvaða deild myndasafn á að tilheyra þegar það var búið til í upphafi, þá er hægt að leita að því þarna í vinstri dálkinum og draga það yfir í hægri dálkinn og koma því á viðeigandi stað undir safni deildarinnar.

Mynd augnabliksins

Á heimasíðu hvernar deildar er möguleiki sem heitir **Mynd augnabliksins** sem birtir handahófskennt myndir úr myndaalbúnum deildarinnar. Þetta gerist þó ekki sjálfvirk. Til að skilgreina að Mynd augnabliksins nýti þau myndaalbúm sem búið eru til hverju sinni, þarf að fara á gráu aðgerðastikuna og smella þar á flokkinn **Fleiri einingar** og draga sig þar niður á flokkinn **Kubbar** (sjá næstu mynd):



Þegar smelt er á hann opnast þessi valmynd:



Í kassanum sem heitir **Vinstri dálkur**, er smelt á táknið sem sýnt er sem blað og blýantur í línunni sem heitir **Mynd augnabliksins** og opnast þá þessi valmynd:

116

Vef

Breyta: Mynd augnabliksins

×

Fyrirsagnir

Fréttasafn

Dagatal

Viðburðir

Skráning á

Auglýsingar

Mynd augnabliksins

RSS straumur

Valmynd

Leit

HTML texti

Titill *

Mynd augnabliksins

Fela titil

Úr hvaða myndaalbúnum?

53 hlutir valdir

Henda öllum

Bæta öllum við

30 ára afmæli Betadeildar; 2. júní 2007.	1. fundur Myðeildar að Hrafnagili 31. maí 2011
40 ára Afmælisfundur Betadeildar 9. sept. 2017	1. mars - Fundur Alfadeildar í Ofanleiti 2
Afmælisfundur Betadeildar 2012	10 ára afmælisfundur Betadeildar 2008
Alþjóðadagur kennara 5. október	2. fundur Lambdadeildar 10. 12. 2010
Aprílfundur Betadeildar 2017	

Ef engin er valin, þá eru öll albúm notuð

Hversu margar myndir ? *

1

Loka

Vista

Viðburðir

Viðburðalisti

Í dálkinum **vinstra megin** sést hvaða myndaalbm Betadeild er að nýta nú þegar í Mynd augnabliksins. Í hægri dálkinum sjást öll myndaalbm sem til eru í kerfinu og þar er hægt að leita að þeim myndalbmum sem búin hafa verið til fyrir t.d. Betadeild og draga þau með músinni yfir í vinstri dálkinn og smella svo á Vista. Til hagræðis má benda á að albmunum er raðað í stafrófsröð innan dálksins og ætti því ekki að vera erfitt að finna viðeigandi myndalbm þó þau séu mörg (ítreka enn og aftur hagræði þess að hafa nafn myndalbúmsins skýrt og með nafni deildarinnar innifalið í heitinu).

Að öðru leyti ætti **ekki** að þurfa að nota aðgerðina **Kubbar** enda sá hluti vefsins að mestu ætlaður kerfisstjórum til umsýslu og ef einhverju er eytt þar út þarf að hafa samband við kerfisstjórana hjá Stefnu til að koma þeim einingum inn aftur.

Fréttir

Þegar setja á inn frétt á vef deildar er hægt að velja um fleiri en eina leið. Hægt er að fara í valmyndina vinstra megin á deildarvefnum og smella þar á **Fréttir**, opnast þá þessi valmynd:

Landssamband

Alfa

Beta

Gamma

Delta

Epsilon

Zeta

Eta

Peta

Iota

Kappa

Lambda

Mý

Ný

Valmynd

Forsíða

Stefna-markmið-sýn

Félagskonur

Vetrarstarfið

Stíklur úr starfinu

Myndir

Fréttir

Viðburðir á næstunni

1. nóvember kl. 19:30-22:00

Fréttir

Bæta við frétt

Afmælisfundur Betadeildar 9.sept. 2017

Breyta frétt

Eyða frétt

21.09.2017

Laugardaginn 9. september síðastliðinn hélt Betadeild upp á 40 ára afmælið sitt.

LESA MEIRA



Þarna má smella á hnappinn **Bæta við frétt** en einnig má breyta fréttum sem áður hafa verið birtar eða eyða þeim út af vefnum. Önnur leið er að fara á gráu aðgerðastikuna og velja þar **Fréttir - Bæta við frétt**. Hvor leiðin sem valin er opnar þetta valblað:

Bæta við frétt

Frétt Stillingar Mynd SEO Póstlistar

Fyrirsögn: *
Sigrún Sveinbjörnsdóttir heiðruð á 40 ára afmæli Betadeildar

Inngangur: *
Afmælisfagnaður Betadeildar heldur áfram

Innihald: *

Í tilefni af 40 ára afmæli Betadeildar var Dr. Sigrún Sveinbjörnsdóttir fyrrverandi prófessor við Háskólann á Akureyri heiðruð á fundi deildarinnar 10. október 2017

Fyrst skal velja viðeigandi fyrirsögn á fréttina. Í gluggann **Inngangur** er gott að skrifa lýsandi setningu fyrir innihald fréttarinnar. Þetta er sá texti sem sést á fréttavefnum áður en smellt er á Meira. Í gluggann **Innihald** skal setja megintexta fréttarinnar. Þar er hægt að vinna með textann svo sem að feitletra, setja inn krækjur, myndir og fleira.

Undir flípanum **Stillingar** (sjá næstu mynd) má stilla hvenær fréttin á að birtast (eigi hún ekki að gera það strax) og hvenær birting á að enda ef ætlunin er að nýta þann möguleika. Hægt er að tengja myndaalbúm við fréttina (sjá **Tengt myndaalbúm**-smella á örina í glugganum). Hakað er við nafn viðkomandi deildar undir liðnum **Flokkur** og passað að deildin sé örugglega valin undir liðnum **Svæði**.

Svæði
Beta - [/betadeild]

Tengt myndaalbúm

Flokkur

- Fréttir
- Landssamband
- Alfa
- Beta
- Gamma
- Delta
- Epsilon
- Zeta

Dagsetning fréttar
17:53
22.10.2017

Sjálfvirk birting
Sjálfvirk birting byrjar:
Sjálfvirk birting endar:
Sýnileiki

Hægt er að setja inn mynd með fréttinni (sjá næstu mynd) og er þá flippinn **Mynd** valinn og myndin sem á að nota fundin í tölvunni (ef vill má eyða myndinni síðar með því að smella á hnappinn Eyða mynd):

Bæta við frétt

Frétt

Stillingar

Mynd

SEO

Póstlistar

Mynd:

Choose File No file chosen

☐ Eyða mynd

Texti myndar:

Hætta við

Vista

Að lokum er farið á flipann Póstlistar og (oftast) valinn sá póstlisti sem tilheyrir deildinni og hakað við hann.

Bæta við frétt

Frétt

Stillingar

Mynd

SEO

Póstlistar

☐ Alfa fréttir

☐ Betafréttir

☐ Delta fréttir

☐ Epsilon fréttir

☐ Eta fréttir

☐ Gamma fréttir

☐ Iota fréttir

☐ Kappa fréttir

☐ Lambda fréttir

☐ Landsambandsfréttir

☐ Mýfréttir

☐ Nýfréttir

☐ Prufa

Sniðmát

Default

Ekkert þarf að gera undir flipanum **SEO**.

Þriðji möguleikinn til að setja inn frétt er að smella bara beint á Fréttir á aðgerðastikunni efst. Þá opnast þetta valblað:

Fréttir

Bæta við frétt

Efnisflokkar

41 Færslur |

50

 á síðu

Endursetja

Leita

Fyrirsögn	Höfundur	Uppfært	Sýnilegt	
	--	Frá Til	--	
Afmælisfundur Betadeildar 9.sept. 2017	Eygló Björnsdóttir	21.09.2017 13:45		
Afmælisfundur Betadeildar	Eygló Björnsdóttir	10.09.2017 13:45	Breyta frétt Eyða frétt	
Bókalistinn kominn á netið	---	15.04.2017 00:43		
Samræðuþingið 5. október	Eygló Björnsdóttir	05.10.2016 23:04		

Þarna má sjá yfirlit yfir allar fréttir sem tilheyra deildinni og hægt að vinna með hverja þeirra ef þörf er á (bæta einhverju við, leiðrétta villur eða annað slíkt). Efst á valblaðinu er svo möguleiki á að bæta við nýrri frétt og opnast þá sama valblað til innsetningar á frétt og fjallað hefur verið um hér að ofan.

Dagatal

Undir liðnum **Fleiri einingar** má finna liðinn **Dagatal** en þar eru settir inn viðburðir sem eiga að birtast undir flokknum **Viðburðir á næstunni** og **Viðburðadagatalinu**. Þegar smellt er á liðinn Dagatal opnast þessi valmynd:

Landssamband Alfa Beta Gamma Delta Epsilon Zeta Eta Beta Iota Kappa Lambda My Ný

Stjórnborð dagatals

 Viðburðir
Yfirlit viðburða

 Flokkar
Yfirlit flokka

Þarna er smellt á hnappinn **Viðburðir** og þá opnast þessi valmynd:

Viðburðir

Bæta við

1 af 21 | 1036 Færslur | 50 á síðu | ➔

Endursetja Leita

Titill	Hefst	Lýkur	Endurtekning	Virkt	Forsíða	Dagatal
	Frá Til	Frá Til	Nei	---	---	---
Fundur í Epsilondeild	28.05.2018 kl. 00:00	28.05.2018 kl. 23:59	🔴	🟢	🟢	🟢
Fundur í Epsilondeild	14.04.2018 kl. 00:00	14.04.2018 kl. 23:59	🔴	🟢	🟢	🟢

Þarna er smellt á hnappinn **Bæta við** og opnast þá þessi valmynd:

Viðburðir

Titill viðburðar *

Slóðarheiti

Notað í vefslóðum. Ef skilið er eftir tómur býr kerfið til slóðarheiti útfrá titli.

Viðburður hefst

Dags. *

Kl.

HH:MM

Flokkar viðburðar

☐ Almennt - Alfa

☐ Almennt - Beta

☐ Almennt - Delta

☐ Almennt - Epsilon

Þarna þarf að gefa færslunni einhvern titil, skilgreina hvaða dag viðburðurinn hefst og hvaða dag honum lýkur. Einnig má skilgreina nákvæmari tímasetningu (KL.) bæði á upphafi og endi en er valfrjálst.

Undir **Flokkar viðburða** þarf að haka við nafn deildarinnar sem um ræðir (t.d. Almennt-Beta). Auk þess má neðar á valblaðinu skilgreina ýmislegt fleira, svo sem fundarstað (salur) og lýsa viðburðinum nánar í glugganum **Lýsing viðburðar**.

Viðburðadagatalið má svo bæði skoða undir viðburðadagatali deildarinnar en þar er einnig möguleiki til að velja aðrar deildir og sjá hvaða viðburðir eru auglýstir þar. Hnappurinn **Allt** sýnir t.d. viðburðadagatalið hjá öllum deildum og landsambandi í hverjum mánuði fyrir sig.

Ef smellt er á færslurnar í viðburðadagatalinu (rauðu kassana) er hægt að lesa nánar um viðburðinn (tímasetningu, fundarstað, skýringu á viðburðinum o.fl), sjá næstu mynd. Þar má einnig velja **Breyta viðburði** ef einhverju þarf að breyta eftir á.

Ef ætlunin er að eyða viðburðinum alveg þarf að smella á **Viðburðir** undir **Fleiri einingar** á aðgerðastikunni og fá upp þessa valmynd:

Viðburðir

Bæta við							
1	af 21	1036 Færslur	50	á síðu	Endursetja	Leita	
Titill	Hefst	Lýkur	Endurtekning	Virkt	Forsíða	Dagatal	
	Frá Til	Frá Til	Nei	---	---	---	
Fundur í Epsilondeild	28.05.2018 kl. 00:00	28.05.2018 kl. 23:59					
Fundur í Epsilondeild	14.04.2018 kl. 00:00	14.04.2018 kl. 23:59					

Á þessum stað má leita að færslum í viðburðadagatalinu (skrifa t.d. fyrirsögnina í gluggann þar sem stendur **Titill** og smella svo á **Leita** hnappinn) þá koma upp allar færslur sem innihalda þann titil og þannig er hægt að þrengja leitina. Ef t.d. er skrifað **Fundur í Betadeild** koma upp allar færslur sem innihalda þann titil (og í tímaröð):

Titill	Hefst	Lýkur	Endurtekning	Virkt	Forsíða	Dagatal	
Fundur í Betade	Frá Til	Frá Til	Nei	---	---	---	
Fundur í Betadeild	01.11.2017 kl. 19:30	01.11.2017 kl. 22:00					
Fundur í Betadeild	25.04.2017 kl. 11:55	25.04.2017 kl. 12:55					
Fundur í Betadeild	25.04.2017 kl. 11:55	25.04.2017 kl. 12:55					
Fundur í Betadeild	20.03.2017 kl. 11:55	20.03.2017 kl. 12:55					

Í dálknum lengst til hægri er svo hægt að smella á örina og velja t.d. að eyða færslunni, breyta og ýmislegt fleira, sjá næstu mynd:

Titill	Hefst	Lýkur	Endurtekning	Virkt	Forsíða	Dagatal	
Fundur í Betade	Frá Til	Frá Til	Nei	---	---	---	
Fundur í Betadeild	01.11.2017 kl. 19:30	01.11.2017 kl. 22:00					
Fundur í Betadeild	25.04.2017 kl. 11:55	25.04.2017 kl. 12:55					
Fundur í Betadeild	25.04.2017 kl. 11:55	25.04.2017 kl. 12:55					
Fundur í Betadeild	20.03.2017 kl. 11:55	20.03.2017 kl. 12:55					
Fundur í Betadeild	20.03.2017 kl. 11:55	20.03.2017 kl. 12:55					
Fundur í Betadeild	07.02.2017 kl. 11:55	07.02.2017 kl. 12:55					

- Breyta viðburði
- Myndir
- Eyða viðburði
- Afþvirkja
- Sjá atburðaskrá

Póstlistar

Undir flokknum **Fleiri einingar** á aðgerðastikunni má finna flokkinn **Póstlistar**. Þegar hann er valinn opnast þetta valblað:

Póstlistar



Umsjón með póstum

Hér eru póstarnir búnir til sem síðan eru sendir á póstlistana.



Umsjón með flokkum póstlista

Bæta við og breyta flokkum



Umsjón með póstlistum

Yfirlist yfir póstlista og umsjón með áskrifendum

Þarna er smellt á hnappinn **Umsjón með póstlistum** og opnast þá þetta valblað:

Allir póstlistar

Bæta við póstlista				
15 Færslur	50	á síðu	Endursetja	
Titill	Áskrifendur	Búin til	Seinasta sending	
Landsambandsfréttir	299	15.12.2009	22.10.2017 09:57	▼
Betafréttir	46	21.12.2009	21.09.2017 13:49	▼
Alfa fréttir	41	21.12.2009	02.05.2013 14:03	▼
Delta fréttir	34	21.12.2009	02.05.2013 14:03	▼
Gamma fréttir	40	21.12.2009	02.05.2013 14:03	▼
Epsilon fréttir	33	21.12.2009	23.09.2017 00:26	▼
Zeta fréttir	37	21.12.2009	02.05.2013 14:03	▼
Eta fréttir	27	21.12.2009	02.05.2013 14:03	▼

Þarna er póstlisti deildarinnar valinn (t.d. Betafréttir) og opnast þá þetta valblað:

Póstlisti: Betafréttir

Eyða póstlista	
Upplýsingar	Áskrifendur
Búin til 21.12.2009	Deild betadeild
Uppfært 21.09.2017	Eigandi Eygló Björnsdóttir
Seinasta sending 21.09.2017 13:49	Áskrifendur 46
Lýsing	

Undir flípanum Upplýsingar er hægt að sjá helstu upplýsingar um listann sjálfan. Undir flípanum **Áskrifendur** má svo sjá hverjir eru áskrifendur á viðkomandi póstlista, eyða út áskrifendum og bæta við (handvirkt neðst á síðunni):

Fjöldi áskrifenda: 46

✖ anita@simey.is	✖ annaba@simnet.is
✖ annajohannesar@gmail.com	✖ audurtorfa@gmail.com
✖ bar@hi.is	✖ Bjork@krummi.is
✖ ellamagnusdottir@gmail.com	✖ eyglob@gmail.com
✖ eyglob@unak.is	✖ fridap@akmennt.is
✖ ge@simnet.is	✖ ghb@hive.is
✖ gudnyo@simnet.is	✖ hildur@ma.is
✖ hugrunsigm@gmail.com	✖ hulda.bjork@simnet.is
✖ ij@host.is	✖ info@parketsliparinn.is
✖ ingibj@unak.is	✖ ingibjorgasgeirs@gmail.com
✖ je@unak.is	✖ jennyg@unak.is
✖ jonabene@gmail.com	✖ joninahauks@gmail.com
✖ jorgenmar@live.com	

< Fyrri síða | 1 | 2 | Áfram >

Bæta við áskrifendum

Aðskilja skal netföng með nýrri línu eða kommu

Hlaða upp textaskrá

Choose File No file chosen

Handskrá netföng áskrifenda

is/betadeild/moya/maillinglist/admin/listview/2#mail_list_tabs_subscribers

Bent er á að félagskonur geta svo auðvitað skráð sig á póstlista hvernar deildar á heimasíðu deildarinnar, sjá næstu mynd:



LESA MEIRA

Skráning á póstlista

Netfang..

Áfram


Samræðupingir 5. október

05.10.2016

Samræðuping Beta- og Mýdeildar í tilefni alþjóðadags kennara 5. október var haldið í dag og tókst með miklum ágætum.

LESA MEIRA

Undir liðnum **Fleiri einingar** á aðgerðastikunni má svo komast beint inn í skráakerfi hvernar deildar, bæði myndamöppur og skjalamöppur, sjá næstu mynd:



Vandamál varðandi vinnu við myndaalbúm

Þar sem deildarvefir eru ekki sjálfstæðir vefir, heldur bara hluti („útibú“ ☺) af vef landsambandsins flokkast öll myndaalbúm á sama stað í vefkerfinu. Það er forritunarvinna að aðskilja þau, vinna sem við ætlum ekki að biðja um og borga fyrir nema brýna nauðsyn beri til. Þessi samnýting gerir það að verkum að þegar verið er að vinna inni í albúnum (t.d. setja inn myndatexta)

og maður smellir að lokum á **Vista**, þá flytur kerfið mann inn á valblað sem heitir **Myndasafn-Yfirlit albúma** (sem er yfirlit fyrir allar deildir saman) og kynnt var hér framfarir undir valmyndinni **Stjórnborð Myndasafns**, sjá næstu mynd:


Landssamband	Alfa	Beta	Gamma	Delta	Epsilon	Zeta	Eta	Beta	Iota	Kappa	Lambda	My	Ny
--------------	------	------	-------	-------	---------	------	-----	------	------	-------	--------	----	----

Myndasafn - Yfirlit albúma						
Nýtt albúm						
1	af 5	230 Færslur	50	á síðu	Endursetja	Leita
	Nafn	Lýsing	Fjöldi mynda	Búið til af	Búið til	Virkt
				--	Frá Til	
	Gammadeild í heimsókn...		29	---	29.12.2008	Já
	1. mars - Fundur	All photos are				

Það er vissulega hvítleitt að kerfið sendi mann inn á þessa síðu í hvert skipti sem vistað er inni í myndaalbúnum en ég bendi á að til að þurfa ekki að gramsa þarna á þessari yfirlitssíðu og leita að því myndaalbúmi sem verið var að vinna í, er þægilegast (þó það sé svolítið „handarbaksvinna“), að fara bara aftur inn á deildina sína velja **Myndir** og opna albúmið þaðan og halda áfram að vinna í því (sjá næstu mynd):

INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS		
---	---	--

Landssamband	Alfa	Beta	Gamma	Delta	Epsilon	Zeta	Eta	Beta	Iota	Kappa	Lambda	My	Ny
--------------	------	------	-------	-------	---------	------	-----	------	------	-------	--------	----	----

Valmynd	Myndir Beta
- Forsíða - Stefna--markmið--sýn - Félagskonur - Vetrarstarfið - Stíklur úr starfinu Myndir - Fréttir	 Októberfundur Betadeildar 2017  40 ára Afmælisfundur Betadeildar 9. sept. 2017  Lokafundur Betadeildar 2017

Viðburðir á næstunni
1. nóvember kl. 19:30-22:00 Fundur í Betadeild Fundurinn verður haldinn í

Vonandi gagnast þessar leiðbeiningar þeim sem eru vefritarar í deildunum en endilega látið vita ef eitthvað er óskýrt eða þarfnast nánari skoðunar.

Netfangið mitt er **eyglob@gmail.com**.